DV

Um helgina

Alþjóðleg nútímalist á Kjarvalsstöðum:

Úrvalsverk síðustu áratuga

Kjarvalsstaðir bjóða til mikillar listveislu á morgun þegar þar verður opnuð sýning á alþjóðlegri nútímalist frá listasafninu í Epinal í Frakklandi. Á sýningunni gefur að líta úrval verka eftir listamenn sem hefur borið hvað hæst í listasögunni síðustu áratugi, m.a. Frank Stella, Andy Warhol, Gilbert og George, Tony Cragg, Donald Judd, Richard Long, Helmut Newton og Sigmar Polke svo aðeins fáeinir séu nefndir.

Verkin, sem sýnd verða, eru árangur starfs Bernards Huin, safnstjóra í Epinal, en hann hefur lagt sig fram við að safna nútímalist með dyggri aðstoð borgarstjórans, Philippe Seguin.

Þegar Bernard Huin tók við stjórn listasafnsins í Epinal var lítið sem ekkert um nútímalist í hirslum safnsins en mikið af list fyrri alda. Það kom því í hlut Huins að móta stefnuna í kaupum á nútímalist og velja verk í safnið. Hann gerði sér snemma grein fyrir því að safnið gæti aldrei orðið „alfræðisafn" myndlistar heldur yrði að velja og þannig gefa safninu sín séreinkenni.

Bernard Huin segir að hann vilji leggja áherslu á þær breytingar sem koma fram með popplistinni þegar hið hefðbundna málverk/listaverk var komið í nokkurs konar blindgötu. Popplistin hafi innleitt nýjar hugmyndir og forsendur til listsköpunar. Að öðru leyti kemur það skýrt fram í þeim listaverkum sem eru í eigu safnsins að safnstjórinn álítur vaxtarbrodd heimslistarinnar síðastliðna áratugi hafa legið umfram allt í höggmyndalistinni. Í raun sýnir Huin að ekki er lengur um að ræða höggmyndalist heldur rýmislist, hvort sem er heldur á vegg eða gólfi. Og víst er að val safnstjórans einkennist af óvenjumikilli þekkingu og innsæi í alþjóðlega nútímalist. Og safn hans á án vafa eitt stórfenglegasta úrval nútímalistar í heiminum í dag.



Súpudósir Andy Warhol eru meðal verka á sýningu á alþjóðlegri nútímalist á Kjarvalsstöðum.

Frægasti listamaðurinn, sem á verk á sýningunni á Kjarvalsstöðum, er líklega Andy Warhol. Verk hans, sem Íslendingum gefst kostur á að sjá, eru málverk af Campbell's súpudósum en Warhol gerði margar útgáfur af dósum þessum á ferli sínum. Verk eftir Warhol hafa áður verið sýnd hér á landi, sömuleiðis verk þriggja annarra sem eru á sýningunni nú. Þeir eru Frank Stella, Richard Long og Donald Judd. Þeir tveir síðastnefndu áttu verk á sýningu Nýlistasafnsins á listahátíð í fyrra en grafíkmyndir eftir Stella hafa verið sýndar í Menningarstofnun Bandaríkjanna.

Sýningin á Kjarvalsstöðum er einstæður listviðburður og einstakt tækifæri fyrir landsmenn til að sjá og njóta meistaraverka samtímans á einum og sama stað.

Veitingahús vikunnar:

Mongolian barbecue

– sjá bls. 18

Íþróttir helgarinnar

– sjá bls. 23

Sumarsýning FÍM

– sjá bls. 20–21

Sumarbúðir barna

– sjá bls. 19

Leikhópur til Japan

– sjá bls. 20–21

Snæfellsás 89:


Mannrækt undir Jökli

Áhugamenn um mannrækt flykkjast vestur á Snæfellsnes um helgina þar sem haldið verður mótið Snæfellsás 89 – Mannrækt undir Jökli. Að þessu sinni fer það fram á Brekkubæ á Hellnum. Þetta er þriðja mót sinnar tegundar sem haldið hefur verið á landinu, en þar kemur saman fólk sem aðhyllist mismunandi lífsskoðanir. Megintilgangur mótsins er að kynna stefnur og strauma í lífsviðhorfum sem sækja á dýpri mið en hvunndagslífið.

Mótið hefst snemma á laugardagsmorgun og er dagskrá þess mjög fjölbreytt. Meðal þess sem boðið er upp á er elddans, eins og í Viðey um síðustu helgi, skyggni, draumar, Tai Chi, orkuhugleiðsla, Hare Krishna, hugefli, huglækningar, fæðubótarráðgjöf, lífræn húðrækt, fornegypskar launhelgar og margt fleira. Nokkrir leiðbeinendur verða á mótinu, bæði innlendir og erlendir, og munu þeir bjóða upp á einkatíma og halda námskeið. Meðal þeirra sem þar koma fram er Ævar R. Kvaran. Leikkonurnar Herdís Þorvaldsdóttir og Helga Jónsdóttir flytja leikþátt og lesa ljóð.

Hápunktur mótsins verður helgistund við svokallaða Lífslind á Hellnum. Við helgistundina verður afhjúpað ítalskt marmaralíkneski af Maríu mey, sem komið verður fyrir við lindina um helgina. Sögur herma að þegar Guðmundur Arason biskup hafi verið á vísitasíu um Snæfellsnes árið 1230 hafi María mey birst honum og beðið hann um að helga lindina. Biskup gerði það og síðan hefur verið talið að vatnið byggi yfir lækningamætti. Helgistundin hefst kl. 11 á sunnudag og þar mun séra Rögnvaldur Finnbogason á Staðastað flytja hugleiðingu.

Á Brekkubæ hefur áhugafólk um mannrækt tekið sig saman og byggt upp andlega miðstöð þar sem aðstaða verður til mótshalds og námskeiða. Tjaldstæði eru á mótssvæðinu og við það, en einnig er hægt að tjalda á túninu við Arnarbæ. Aðgangseyrir er 3000 krónur, en ókeypis fyrir börn 15 ára og yngri.



Í listasalnum Nýhöfn við Hafnarstræti stendur nú yfir sumarsýning með verkum fjölmargra núlifandi listamanna sem og gömlu meistaranna. Sýningin er opin virka daga kl. 10–18 og eru öll verkin til sölu.

Síðan skein sól:

Ferðalok á Borginni

Hljómsveitin Síðan skein sól ætlar að reka endahnútinn á tónleikaferð sína um landið með hljómleikum á Hótel Borg í kvöld og leika piltarnir eingöngu á órafmögnuð hljóðfæri.

Liðsmenn Síðan skein sól hafa verið að kynna efni af væntanlegri breiðskífu en hljómsveitin fer í hljóðver í ágúst. Tónleikarnir á Borginni hefjast kl. 22.

Á morgun leikur hljómsveitin svo fyrir dansi á Hlöðum á Hvalfjarðarströnd en um verslunarmannahelgina verður haldið á rokkhátíðina miklu í Húnaveri.

Liðsmenn Síðan skein sól eru þeir Eyjólfur Jóhannsson, Helgi Björnsson, Ingólfur Sigurðsson og Jakob Smári Magnússon.

Reykjanes:

Gróður og dýraríki rannsakað

Náttúruverndarfélag Suðvesturlands efnir til dagsferðar um Reykjanesskagann á morgun, laugardag, til skoðunar á ýmsum þáttum úr gróður- og dýraríki. Á leiðinni verður staðnæmst á eftirtöldum stöðum: Tóum í Afstapahrauni, Hrafnagjá, Vogavík, Snorrastaðatjörnum, Garðskaga, Ósabotnum, Valbjarnargjá, Arfadalsvík, Latsfjalli, Seltúni og skóglendi í Almenningum.

Lagt verður upp frá Náttúrufræðistofu Kópavogs að Digranesvegi 12 kl. 9. Leiðsögumaður verður Stefán Bergmann líffræðingur og lektor við KHÍ. Komið verður til baka um kl. 18.

Tilgangur ferðarinnar er m.a. að skoða nokkra fásótta en fagra staði á Reykjanesi og kynnast sérstæðu lífríki þeirra, ræða ástand gróðurs og dýralífs og samskipti manns og náttúru.